

Stjórnarfundur 6. mars 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hrefna Karlsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Jón Finnur Hansson.

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Drög að ársreikningi 2016

Farið yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2016.

3. Fundargerðir

Fundargerðir frá eftirfarandi stjórnarfundum samþykktar:

- 9. janúar 2017
- 23. janúar 2017
- 6. febrúar 2017

4. Aðalfundur Fáks

Stefnt er að því að halda aðalfund Fáks síðasta miðvikudag í mars (29. mars). Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar verður auglýstur fljóttlega á heimasiðu Fáks.

5. ÍBR þing

ÍBR þing verður haldið 22. og 23. mars nk. Fákur á sæti fyrir 5 fulltrúa á þinginu. Hjörtur, Maríanna, Heiðrún og Jón Finnur hafa boðið sig fram til að sitja þingið. Fimmti þingmaður er óstaðfestur.

6. Reiðhöllin

Unnið er að kappi við að klára frágang við hurð inn í sal, stokk við áhorfendapalla og barinn fyrir Stórsýningu Fáks. Einnig verða settir upp ljóskastarar með ljósnemum í portið við nýju hurðina.

7. Mynd á vegg í Reiðhöllina

Stjórnin hefur sammælst um hvaða mynd skuli prýða salinn í Reiðhöllinni. Jón Finnur fer í að panta prentun osfrv.

8. Ísmót

Mikill hugur er í Fáksmönnum að halda Ísmót og eru aðstæður eins og best verður á kosið á Rauðavatni. Stjórn samþykkir að ef aðstæður haldast óbreyttar fram að helgi verði haldið mótt nk. laugardag eða sunnudag.

9. Stórsýning Fáks

Edda Rún, Siggi Matt og Friffi hafa boðið fram krafta sína í Stórsýningu Fáks. Stjórn Fáks þiggur að sjálfsögðu alla þá aðstoð sem býðst. Jón Finnur og Maríanna ræða við sýningastjórana.

10. Karlaklúbbur Fáks



Hugur er í mönnum að stofna karlaklúbb Fáks. Stjórn Fáks fagnar allri klúbbamynndun á félagslegum grundvelli, og mælist til þess að stofnun klúbbsins verði auglýst vel og gætt verði að því að klúbburinn sé opinn öllum (kk.) sem hafa áhuga.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

Jón Saagster
Hutningsq.